

# Skólanámskrá Víkurskóla Vík í Mýrdal

---

*Glöð börn á grænni grein*



Ritstjórn og ábyrgð: Elín Einarsdóttir

## Efnisyfirlit

I.....	3
Inngangur .....	4
1. Almenn atriði.....	4
1.1 Um Víkurskóla.....	4
1.2 Aðkoma að skólanum .....	4
1.3 Skipurit.....	5
1.4 Skólaráð.....	5
2. Stefna Víkurskóla.....	6
2.1 Leiðarljós .....	6
3. Helstu áherslur Víkurskóla.....	7
3.1 Skólaárið.....	7
3.2 Skipulag kennslunnar.....	7
3.3 Námsgreinar .....	7
3.4 Námsgögn.....	7
3.5 Námsmat .....	7
3.6 Heimavinna.....	8
3.7 Kennsluáferðir .....	8
3.8 Mentor.....	8
4. Nemendur.....	8
4.1 Móttaka nýrra nemenda og flutningur á milli skóla.....	9
4.2 Móttaka erlendra nemenda og nemenda með sérþarfir .....	9
4.3 Skilyrði fyrir skólavist í Víkurskóla .....	9
4.4 Nemendafélag .....	9
5. Skólabragur.....	10
5.1 Skólareglur.....	10
5.2 Verklag vegna hegðunar- og samskiptavanda nemenda .....	11
5.3 Verklag vegna eineltis.....	11
6. Stoðþjónusta .....	14
6.1 Hvert á að leita? .....	14
6.2 Sérkennsla .....	15
6.3 Greiningar og skimanir .....	15
6.4 Náms- og starfsráðgjöf .....	16

6.5 Nemendaverndarráð .....	16
6.6 Heilsugæsla.....	16
6.7 Sálfræðipjónusta .....	17
6.8 Talmeinafræðingur.....	17
7. Próunarstarf og mat .....	17
7.1 Sjálfsmat .....	18
7.2 Próunarstarf .....	18
7.3 Jarðvangsskóli Víkurskóla .....	18
8. Starfsmenn .....	18
8.1 Móttaka nýrra starfsmanna.....	18
8.2 Símenntun starfsfólks.....	18
8.3 Áherslur og próunarstarf á skólaárinu.....	19
8.4 Fundir.....	19
9. Aðbúnaður og öryggi .....	19
9.1 Skólahúsnæði .....	19
9.2 Mötuneyti.....	19
9.3 Skólaakstur .....	20
9.4 Gæsla .....	20
9.5 Óskilamunir .....	20
9.6 Ábyrgð á persónulegum eigum .....	20
9.7 Hjól .....	20
9.8 Umferðaröryggi .....	21
9.9 Tryggingar.....	21
9.10 Óhöpp, slys og veikindi.....	21
9.11 Óveður.....	21
9.12 Rýmingaráætlanir – Náttúruvá.....	21
9.13 Áfallaáætlun .....	21
10. Samstarf heimila og skóla.....	21
10.1 Foreldrasamstarf .....	21
10.2 Foreldradagar .....	22
10.3 Skólakynning foreldra og nýnema .....	22
10.4 Upplýsingamiðlun.....	22
10.4 Mentor.....	22
11. Tómsundastarf .....	22

11.1 Bekkjarkvöld .....	22
11.2 Samstarf við skóla og grenndarsamfélag .....	22

## I

## Inngangur

Skólanámskrá Víkurskóla, Vík í Mýrdal er handbók sem tekur til allra þátta skólastarfsins. Námskráin útfærir nánar áherslur aðalnámskrár grunnskóla ásamt því að draga fram sérstöðu skólans, staðbundnar aðstæður, verklagsreglur, aðaláherslur og markmið. Skólanámskráin byggir á grunnskólalögum frá árinu 2008. Hún byggir einnig á mennta- og starfsmannastefnu Mýrdalshrepps. Skólanámskráin er unnin af öllum hagsmunaðilum í skólasamfélaginu. Hún þjónar sem uppflettirit fyrir alla þá sem koma að skólastarfinu með einum eða öðrum hætti. Skólanámskráin skiptist í 11 kafla. Námskráin er uppfærð a.m.k árlega og oftár ef þörf krefur.

### 1. Almenn atriði

Haustið 2013 komust leik-, grunn- og tónskóli undir eitt þak sem var gleðiefni. Það var mikilvægt og ánægjulegt skref fyrir allt skólasamfélagið. Unnið er að því að koma list- og verkgreinakennslu fyrir á skólalóðinni og hefur verið keypt færanleg kennslustofu sem notuð er til þeirrar kennslu. Því miður hefur skólinn ekki aðstöðu sem stendur fyrir smíðakennslu og er það áskorun að úr því verði bætt í náinni framtíð. Hér í næstu undirköflum er gerð grein fyrir almennum atriðum varðandi Víkurskóla.

#### 1.1 Um Víkurskóla

Víkurskóli, Vík í Mýrdal er grunnskóli í sveitarfélaginu Mýrdalshreppi. Skólinn tók fyrst til starfa 1. desember árið 1910. Haustið 2009 var grunnskólinn sameinaður leikskóla og tónskóla Mýrdalshrepps. Áður höfðu skólastigin verið rekin sem sjálfstæðar einingar en átt ágætt samstarf. Vorið 2015 var ákveðið að skólarnir skyldu á ný reknir sem sjálfstæðar einingar. Skólinn þjónar börnum úr þorpinu í Vík og sveitunum austan og vestan Víkur.


Í grunnskólanum eru 53 nemendur í 1.-10. bekk. Skólastjóri Víkurskóla er Elín Einarsóttir og aðstoðarskólstjóri er Kolbrún Ósk Guðjónsdóttir.

Starf í grunnskólanum hefst klukkan 08:10 alla virka daga. Skólahúsnaðið opnar klukkan 07:45. Hver kennslustund í grunnskólanum er 40 mínútur. Þegar kennslu lýkur hjá nemendum í 1-4. bekk býðst þeim dægradvöl og íþróttæfingar á vegum Ungamennafélagsins Kötlu.

#### 1.2 Aðkoma að skólanum

Aðalinngangur Víkurskóla er við Mánabraut. Skrifstofa skólans er til vinstri þegar komið er inn. Til að gæta öryggis barna á leið í og úr skóla eru foreldrar sem keyra börn sín í skólann beðnir um að aka ávallt austur Mánabraut og stoppa til að hleypa nemendum út í skólabíla rennuni, þar má þó aldrei leggja bílum.

### 1.3 Skipurit



### 1.4 Skólaráð

Samkvæmt 8. grein grunnskólalaga skal starfa skólaráð við grunnskóla. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans í samræmi við stefnu sveitarfélags um skólahald. Verkefni skólaráðs er samkvæmt reglugerð eftirfarandi:

Skólaráð:

- Fjallar um skólanámskrá, starfsáætlun, skóladagatal og aðrar áætlanir um skólastarfið.
- Fjallar um fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla og gefur umsögn áður en endanlegar ákvarðanir um þær eru teknar.
- Tekur þátt í að móta stefnu og sérkenni skóla og tengsl hans við grenndarsamfélagið.
- Fylgist með öryggi, húsnæði, aðstöðu, aðbúnaði og almennri velferð nemenda.
- Fjallar um skólareglur og umgengnishætti í skólanum.
- Fjallar um erindi frá skólanefnd sveitarfélags, foreldrafélags, kennarafundi, almennum starfsmannafundi, nemendafélags, einstaklingum, menntamálaráðuneyti, öðrum aðilum varðandi málefni sem talin eru upp í þessari málsgrein og veitir umsögn sé þess óskað.
- Tekur þátt í öðrum verkefnum á vegum skólanefndar að fengnu samþykki sveitarstjórnar.

Skólaráð fjallar ekki um málefni einstakra nemenda, foreldra eða starfsfólks skóla. Skólastjóri situr í skólaráði og stýrir starfi þess. Auk skólastjóra sitja í skólaráði tveir fulltrúar foreldra, tveir fulltrúar kennara, einn fulltrúi annars starfsfólks skólans, tveir fulltrúar nemenda og einn fulltrúi grenndarsamfélags eða viðbótarfulltrúi úr hópi foreldra valinn af öðrum fulltrúum skólaráðs. Aðstoðarskólastjóri stýrir skólaráði í forföllum skólastjóra.

## 2. Stefna Víkurskóla

Í lögum um grunnskóla nr. 91 frá 2008 segir að hlutverk grunnskóla, í samvinnu við heimilin, skuli vera að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Starfshættir grunnskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, kristinni arfleifð íslenskrar menningar, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi. Grunnskóli skal stuðla að víðsýni hjá nemendum og efla færni þeirra í íslensku máli, skilning þeirra á íslensku samfélagi, sögu þess og sérkennum. Skólastarfið skal leggja grundvöll að frumkvæði og sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfun þeirra til samstarfs við aðra.

Í aðalnámskrá grunnskóla frá árinu 2011 er sameiginlegur kafli þriggja skólastiga. Þar eru grunnþættir menntunar skilgreindir og eiga að vera skólum leiðarljós við skólanámskrárgerð. Þessir þættir eru:

- Læsi
- Sjálfbærni
- Heilbrigði og velferð
- Lýðræði og mannréttindi
- Jafnrétti
- Sköpun

Leiðarljós Víkurskóla fellur vel að ofangreindum þáttum aðalnámskrár. Merki Víkurskóla er sett saman af litum regnbogans og Reynisdröngum. Það er vísun í að Víkurskóli byggir á traustum grunni þar sem gjöful og fögur náttúra skapar umgjörð um skapandi stofnun sem leitast við að koma til móts við fjölbreytt litróf manneskjunnar í leik og starfi.

**Gæði, gleði, gróska og gagn** eru kjörorð skólans og marka þá framtíðarsýn sem skólasamfélagið hefur.

**Gæði** fela í sér að ávallt er leitast við að gera hlutina vel og vanda til verka hvort sem umræðir framkvæmd kennslu, fræðslu starfsfólks eða ytri umgjörð.

**Gleði** vísar í skapandi starfsanda þar sem samskipti mótast af virðingu, umburðarlyndi, bjartsýni og jákvæðni.

**Gróska** felur í sér skapandi framvindu í að takast á við ný verkefni, bæta og fegra það sem fyrir er í víðu samhengi.

**Gagn** vísar til ábyrgðar hvers og eins og hvernig hann getur með sínu framlagi lagt hönd á plóg til eflingar sjálfs sín og annarra.

### 2.1 Leiðarljós

*Glöð börn á grænni grein*

Í Víkurskóla er unnið ötullega að því að efla samskipti í skólastarfinu. Þau þróunarverkefni sem unnið hefur verið að í skólanum, ART og Uppeldi til ábyrgðar taka mið af þessum áherslum. Þá má ekki gleyma bekkjarstarfinu sem er í höndum umsjónarkennara og bekkjartengla en þar gefast mörg tækifæri til að gleðjast og þroskast saman. Á skemmtunum á vegum skólans er mannrækt og umhverfisvitund höfð að leiðarljósi.

Í skólanum er leitast við að gera mann- og umhverfisrækt sýnilega í skólafarfinu og festa ýmis vinnubrögð og venjur í sessi. Uppeldi til ábyrgðar – Uppbyggingarstefnan og ART eru verkfæri skólans til þess að vinna að ofangreindum markmiðum.

### 3. Helstu áherslur Víkurskóla

Í næstu undirköflum verður gerð grein fyrir helstu áherslum sem liggja til grundvallar í skólafarfi Víkurskóla.

#### 3.1 Skólaárið

Skólaárið er 175 skóladagar í grunnskólanum. Starfsdagar á skólatíma eru 5. Skólaárið skiptist í þrjár annir.

#### 3.2 Skipulag kennslunnar

Víkurskóli er fámennur samkennsluskóli. Samkennslukerfi skólans er í sífelldri þróun og tekur mið af samsetningu nemenda á hverjum tíma. Samkennsla krefst mikillar útsjónarsemi og skipulagningar af hálfu kennarans. Samkennsluhópar skólans eru að jafnaði þannig: 1.-2. bekkur, 3.-4. bekkur, 5.-6. bekkur, 7. og 8. bekkur og 9.-10. bekkur. Þessi skipan getur raskast frá ári til árs og ræðst það af fjölda í bekkjum. Í sumum tilfellum eru hóparnir stærri eða minni, t.d. í ákveðnum námsgreinum. Tónskólinn samþættir sína starfsemi að hluta inn á starfstíma grunnskólans. Þannig fá nemendur að fara úr kennslustundum í grunnskólanum til að sækja tíma í tónlist. Nemendur fara ekki alltaf úr sömu greinum eða kennslustundum í tónlistartíma.

#### 3.3 Námsgreinar

Í aðalnámskrá grunnskóla segir að námsgreinar séu mikilvægur hluti skólafarfs en ekki markmið í sjálfu sér. Hlutverk skóla er ekki að kenna námsgreinar heldur að mennta nemendur og koma hverjum einstaklingi til nokkurs þroska. Í samkennsluskóla eins og Víkurskóla gefst gott tækifæri til samþættingar á námsgreinum sem aftur ýtir undir möguleika á að skýra samhengi ólíkra fræðigreina fyrir nemendum og nauðsyn þess að hafa innsýn í heim þeirra. Í gegnum ólíkar námsgreinar, viðfangsefni þeirra og aðferðir kynnast nemendur ólíkum sviðum veraldarinnar, allt frá nærumhverfi, til fjarlæggra heimshorna og minnstu efnisagna. Í Víkurskóla er leitast við að mennta nemendur með fjölbreyttu námi og kennsluáferðum.

#### 3.4 Námsgögn

Í Víkurskóla er leitast við að bjóða nemendum upp á fjölbreytt og nauðsynleg námsgögn sem taka mið af því sem er nýjast í þekkingu á sviði menntunar- og kennslufræða. Öll helstu námsgögn eru nemendum að kostnaðarlausu. Nærumhverfi skólans er nýtt eins og kostur er enda er þar að finna mikla fjölbreytni t.d. í náttúru og menningu. Bókasafn skólans á ágætan bókakost sem reynt er að bæta árlega. Bókasafnið gegnir veigamiklu hlutverki í skólafarfinu því þangað eiga nemendur að geta sótt sér þekkingu sem hentar þeirra áhugasviði og þeim viðfangsefnum sem þeir vinna að á hverjum tíma. Auk þess að fullnægja þörfum og getu nemenda til yndislesturs.

#### 3.5 Námsmat

Í aðalnámskrá grunnskóla 2011 er ítarlegur kafli um námsmat. Þar segir m.a., ... *að mat á hæfni og framförum nemenda er reglubundinn þáttur í skólafarfi og órjúfanlegur frá námi og kennslu* (bls. 52). Námsmat byggir á lykilhæfni nemenda sem sett er fram í fimm liðum sem eru sameiginlegir öllum



námssviðum. Námsmat í Víkurskóla er stöðugt og byggir námsmatið á lykilhæfni samkvæmt aðalnámskrá. Nemendum er gerð grein fyrir hvernig námsmati er háttað í einstökum greinum í upphafi skólaárs / annar.

Skólaárið í Víkurskóla skiptist í þrjár annir. Nemendur fá formlegt námsmat í hendur að aflokinni hverri önn. Námsmat í 1.-4. bekk byggir á umsögn sem lýsir stöðu nemandans í viðkomandi námsgrein og hvernig hafi tekist að ná settum markmiðum. Einkunnir í 5.-10. bekk byggja á einkunn/einkunnum og umsögn. Einkunnir í tölum eru gefnar frá 1 – 10 (heilum og hálfum). Nemendur sem útskrifast úr 10. bekk fá einkunnir í bókstöfum, A, B, C og D.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið stendur fyrir samræmdu námsmati í 4., 7. og 9. bekk. Markmið með fyrirlögn prófanna er einkum tvíþætt. Í fyrsta lagi að gefa upplýsingar um að hvaða marki nemendur hafa náð grundvallarkunnáttu og færni sem frekara nám byggir á. Í öðru lagi að vera foreldrum, kennurum og skólayfirvöldum til leiðbeiningar um námsstöðu nemenda.

Ýmsar upplýsingar varðandi prófin er að finna á vefsíðu menntamálaráðuneytisins <http://mrn.stjr.is/> og vefsíðu Námsmatsstofnunar, <http://www.namsmat.is>. Nemendum og forsjáraðilum er bent á að kynna sér þær vel. Þegar niðurstöður prófanna liggja fyrir eru haldnir rýnifundir stjórnenda, sérkennara og kennara þar sem farið er yfir niðurstöður prófanna og teknar ákvarðanir hvernig unnið skuli með ákveðna þætti hjá hverjum og einum nemenda.

Námsmat í Víkurskóla er í sífelldri endurskoðun í takt við áherslur aðalnámskrár grunnskóla hverju sinni.

### 3.6 Heimavinna

Á fyrstu námsárum nemenda er lagður grunnur að lestrar- og stærðfræðinámi. Lestur er grundvöllur alls náms. Því er mikilvægt að lestrarnám fari fram í skólanum og jafnframt heima. Víkurskóli hvetur alla nemendur til að lesa sér til yndis og því er mikilvægt að því sé líka fylgt eftir á heimilunum með jákvæðri hvatningu. Mikilvægt er að foreldrar axli sameiginlega ábyrgð á lestrarnámi í samstarfi við skólann. Foreldrar eiga að láta börn sín lesa heima og kvitta fyrir heimalestri. Í Víkurskóla vinna nemendur samkvæmt tímasettum áætlunum. Það þýðir að stundum geta nemendur lokið sinni vinnu í skólanum en stundum vinna þeir að verkefnum heimafyrir. Heimanám / áætlanir eru birtar á Mentor, sendar í tölvupósti eða töskupósti.

### 3.7 Kennsluaðferðir

Í aðalnámskrá segir að kennsla beinist að því að hjálpa nemendum að tileinka sér þekkingu, leikni og jákvætt viðhorf og öðlast þannig þá hæfni sem stefnt er að í menntun. Í Víkurskóla er leitast við í kennslunni að mæta hverjum nemenda á hans forsendum. Reynt er eins og kostur er að tengja nærumhverfi skólans inn í kennsluna.

### 3.8 Mentor

Mentor er upplýsingakerfi fyrir skóla og hefur verið í notkun í skólanum um árabíl. Stjórnendur og kennarar eru í auknu mæli að nýta sér þá möguleika sem forritið hefur upp á að bjóða og farnir að nota þennan samskiptamöguleika með góðum árangri. Í dag eiga allir foreldrar/forráðamenn aðgang að svæði sem inniheldur upplýsingar um það sem er markverðast hverju sinni.

## 4. Nemendur

Í þessum kafla námsskrárinnar er gerð grein fyrir móttöku nýrra nemenda og nemendafélagi.

#### 4.1 Móttaka nýrra nemenda og flutningur á milli skóla

Foreldrar bera alltaf ábyrgð á innritun nemenda í nýjan grunnskóla. Í Víkurskóla er leitast við að flutningur á milli skólastiganna, leikskóla- og grunnskóla sé undirbúinn vel. Elsti árgangur leikskólans kemur inn í starf grunnskólans með skipulögðum hætti. Að vori eru haldnir upplýsingafundir starfsfólks skólanna til þess að tryggja verði að allar nauðsynlegar upplýsingar fylgi með börnunum. Þegar nemendur koma úr öðrum skólum flytjast upplýsingar sjálfkrafa með þeim í gegnum Mentor. Skólastjóri í samráði við umsjónarkennara skipuleggur móttöku nemenda og foreldra/forráðamanna þeirra. Leitast er við að kynna nemendum og foreldrum skólann vel og leggja fram allar nauðsynlegar upplýsingar. Það er hlutverk umsjónarkennarans að auðvelda og aðstoða nýtt barn í að aðlagast nýjum aðstæðum og nýjum námshópi. Jafnframt lætur skólinn í té upplýsingar um börn sem fara úr Víkurskóla í aðra skóla ef eftir því er leitað. Unnið er eftir móttökuáætlunum fyrir nýja nemendur sem innritast í Víkurskóla. Þær er að finna á heimasíðu skólans.

#### 4.2 Móttaka erlendra nemenda og nemenda með sérþarfir

Þegar útlendir nemendur eru skráðir í skólann boðar skólastjóri til fundar með foreldrum og umsjónarkennara. Ef þörf er á, er túlkur til staðar. Í framhaldi af fundinum gerir umsjónarkennari áætlun um fyrirkomulag kennslu, samskipta og annarrar umönnunar nemandans í samráði við foreldra. Leitað er samráðs við sérfræðinga utan skólans eftir þörfum. Unnið er eftir móttökuáætlun.

#### 4.3 Skilyrði fyrir skólavist í Víkurskóla

Almenna reglan um skólavist nemenda í grunnskólum er sú að nemendur sæki skóla þar sem þeir eiga lögheimili. Þar eru þeir skráðir sem nemendur og þar er gert ráð fyrir þeim í kostnaði sem þarf til vegna skólagöngu þeirra og aðeins þar eru þeir tryggðir í skólastarfi.

Eftirfarandi reglur gilda um skólavist nemenda í Víkurskóla.

1. Allir nemendur, sem stunda nám í Víkurskóla, skulu eiga lögheimili í sveitarfélaginu.
2. Foreldrar nýrra aðfluttra nemenda skulu sjá til þess að tilkynna skrifstofu sveitarfélagsins um nýtt lögheimili. Tilkynningu þess efnis, skal ganga frá áður en skólaganga barns hefst.
3. Nemandi getur stundað nám í Víkurskóla, þó hann eigi ekki lögheimili í Mýrdalshreppi. Um þá skólavist þarf að gera ákveðinn samning milli sveitarfélaganna sem felur í sér greiðslur milli sveitarfélaga samkvæmt ákveðnum reglum sem Samband íslenskra sveitarfélaga gefur út. Ekki er þó sveitarfélagi skylt að verða við slíkum beiðnum. Samningi sem felur ofangreint samkomulag í sér, skal ganga frá áður en nemandi hefur skólagöngu.
4. Nemendur sem koma erlendis frá og eru með erlent ríkisfang, þurfa auk lögheimilis í Mýrdalshreppi að hafa farið í læknisskoðun áður en skólavist hefst.
5. Nemendur geta komið/heimsótt skólann sem „gestir“ í einn til tvo daga. Slíkar heimsóknir verði skipulagðar af viðkomandi umsjónarkennara í samráði við skólastjóra. Umsjónarkennari skal forðast að skipuleggja heimsóknina þá daga/tíma sem verk-og listgreinar falla á. Umsjónarkennari hefur fulla heimild til að hafna slíkum beiðnum meti hann það svo. Meðan á heimsókn stendur er „gesturinn“ ekki skráður sem nemandi í skólanum og skólinn ber ekki ábyrgð gagnvart honum sem nemanda meðan á heimsókn stendur.
6. Um framkvæmd þessara reglna og ákvarðanir um álitamál sem upp kunna að koma varðandi ofangreindar reglur, skulu sveitarstjórn / fræðslunefnd hafa á sínu forræði. Skólastjóri sér hins vegar um að kynna foreldrum aðfluttra nemenda ofangreindar reglur og koma upplýsingum til fræðslunefndar er varðar lögheimili nemenda.

#### 4.4 Nemendafélag

Við skólann starfar nemendafélag. Markmið félagsins er að:

- Vinna að hagsmuna- og velferðamálum nemenda.
- Skipuleggja og sjá um félagslíf nemenda í Víkurskóla.

Allir nemendur Víkurskóla teljast félagar í NV. Nemendafélag Víkurskóla vinnur með:

- Félagsmiðstöðinni OZ.
- Skólaráði Víkurskóla vegna vinnu að hagsmuna- og velferðamálum nemenda og skipar tvo fulltrúa félagsins í skólaráð.
- Kennarafundur kýs kennara til að hafa umsjón með starfi nemendaráðs.

Nemendafélagið er skipað 6 nemendum úr 5.-10. bekk. Kosið er árlega í ráðið.

## 5. Skólabragur

Í Víkurskóla er sífellt leitast við að efla jákvæðan skólabrag. Aðferðir skólans til þess byggjast á hugmyndafræði Uppeldis til ábyrgðar og jafnframt er unnið með nemendum eftir aðferðarfræði ART. Báðar þessar stefnur hafa hlotið mikla útbreiðslu í skólum á Íslandi og með góðum árangri.

### 5.1 Skólareglur

Við förum eftir settum reglum og komum fram við nemendur og starfsfólk af virðingu:

- Við mætum stundvíslega og með þau gögn sem við þurfum að nota hvern dag. Veikindi eða önnur forföll skal tilkynna í skólann. Leyfi í 3 daga eða lengur þarf að sækja um skriflega til skólastjóra/staðgengils. Öll röskun sem verða kann á námi nemenda vegna lengri leyfa er á ábyrgð forráðamanna.
- Við gerum okkur far um að gera skólann okkar að ánægjulegum vinnustað, með þróðmannlegri framkomu; sýnum hjálpssemi, erum tillitssöm og göngum vel um jafnt innan dyra sem utan. Við göngum hljóðlega um ganga og annað sameiginlegt rými.
- Við megum koma á reiðhjólum, hlaupahjólum, hjólaskautum eða hjólaskóm í skólann ef foreldrar leyfa slíkt og ef við erum með hjálma og tilskilinn hlífðarbúnað. Skýrt skal tekið fram að þessi tæki eru alfarið á ábyrgð foreldra og nemenda.
- Notkun farsíma, leikjatölva og annars sem truflar nám og kennslu er óheimil í kennslustundum. Nemendum er að öllu jöfnu óheimilt að koma með slík tæki í skólann.
- Skólinn tekur ekki ábyrgð á persónulegum munum s. s. peningum, i-podum og myndavélum
- við erum eingöngu með gosdrykki og sælgæti í skólanum við sérstök tækifæri með leyfi starfsmanna.
- Notkun tóbaks, áfengis og annarra vímu- og fíkniefna er bönnuð í skólanum og á skólalóðinni.
- Kennurum er frjálst að setja frekari reglur um umgengni og almenn samskipti með eða án samráðs við nemendur sína. Þær séu kynntar forráðamönnum og öðru starfsfólki skólans.
- Skólareglur Víkurskóla gilda hvar sem er á vegum skólans s. s. í skólabílum og á ferðalögum.
- Starfsmenn skóla og forráðamenn nemenda skulu stuðla að því að nemendur virði reglur skólans.

1. Ef brot verða á reglum ræðir starfsmaður við nemanda, leitað er lausna og bættrar hegðunar og nemanda gefst tækifæri til að leiðrétta og bæta fyrir brot án viðurlaga.

2. Gerist nemandi sekur um alvarleg eða endurtekin brot á reglum skólans skal umsjónarkennari leita orsaka þess og reyna að ráða bót á. Verði samt ekki breyting til batnaðar skal umsjónarkennari leita

aðstoðar skólastjórnenda. Ávallt skal leitað eftir samvinnu við foreldra / forráðamenn nemenda um úrlausn mála.

3. Skólinn áskilur sér rétt til að fara eftir V. kafla 11., 12. og 13. gr. í reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum. Sjá 1040/2011.

## 5.2 Verklag vegna hegðunar- og samskiptavanda nemenda

Í Víkurskóla er unnið eftir áherslum Uppeldis til ábyrgðar og ART. Það hefur sýnt sig að með því að leggja þessar áherslur í samskiptum nemenda hefur dregið úr hegðunar- og samskiptavanda. Með fyrirbyggjandi vinnu með nemendum hjálpar skólinn þeim til að takast á við vandmál sem upp koma í samskiptum. Það er hlutverk umsjónarkennara að taka á og leysa vandamál sem upp koma, það er alltaf gert í samstarfi þess sem á í vanda, foreldra, annarra kennara / starfsmanna og stjórnenda. Umsjónarkennari vinnur eftir ákveðnu verklagi.

- Ef vandamál koma upp ræðir umsjónarkennari við nemandann/nemendurna og leitar lausna á samstarfsmiðaðan hátt.
- Ef breyting verður ekki til batnaðar ræðir umsjónarkennari aftur við viðkomandi og gerir jafnframt foreldrum grein fyrir stöðunni og þeirri vinnu sem er í gangi til að bæta ástandið. Úrbótaáætlun sett fram.
- Ef ástand batnar ekki þá boðar umsjónarkennari til fundar með nemanda, foreldrum og skólastjóra.
- Ef það ber ekki árangur er leitað til sérfræðinga Skólaskrifstofunnar um faglega handleiðslu til þess að bæta hegðun og/eða samskipti.

Ofangreint ferli miðar fyrst og fremst að því að hjálpa nemanda/nemendum til þess að takast á við vanda og finna lausnir í samstarfi við hann.

## 5.3 Verklag vegna eineltis

Í Víkurskóla er einelti ekki liðið og ef einhver, nemandi eða foreldri, verður var við einelti er mikilvægt að hafa umsvifalaust samband við skólann svo hægt sé að bregðast við. Ef kennari eða starfsmaður skóla hefur grun um að einelti eigi sér stað eða fær vísbendingar þess eðlis ber honum að bregðast við því, kynna sér málið og upplýsa starfsfólk. Hvert mál er sérstakt og taka verður á því sem slíku. Hægt er að fá aðstoð við að vinna með eineltismál hjá sérfræðingum. Víða í skólastarfinu gefst kostur á fjalla um mannleg samskipti, t.d. í samfélagsgreinum, lífsleikni, líffræði og víðar.

*Markmið eineltisáætlunar er að;*

- stuðla að því að skólinn sé öruggur vinnustaður barna
- stuðla að því að nemendum líði vel í skólanum
- fræða nemendur um alvarlegar afleiðingar eineltis
- stuðla að samvinnu skóla og heimila í eineltismálum
- halda uppi fræðslu fyrir foreldra/forráðamenn um einelti
- foreldrar hafi greiðan aðgang að stefnu skólans í eineltismálum

*Skilgreining á einelti*

- Einelti er endurtekið líkamlegt og/eða andlegt ofbeldi, þegar einn eða fleiri níðast á eða ráðast aftur og aftur á einstakling.

- Einelti er samfelld ferli atvika sem nær stundum yfir langt tímabil. Gerandinn eða gerendur sameinast um að gera fórnarlambi sínu, þolandanum, lífið nánast óbærilegt.
- Ef einstaklingi líður illa yfir endurtekningu á framkomu annarra, þá er það einelti. Taka verður tillit til þess að fólk hefur misjafnt sársaukaþol, misjafnt skopskyn og tilfinningar. Líkamlegt ofbeldi er t.d. að lemja, hrinda, sparka, stela, skemma eigur annarra. Andlegt ofbeldi er t.d. að hótta, uppnefna, stríða, niðrandi athugasemdir og bréf, útiloka úr hópnum, breiða út sögur og ljúga upp á. Hér er vert að hafa sérstaklega Internetið í huga enda hefur það opnað á marga neikvæða möguleika í þessu sambandi.

*Við úrvinnslu eineltismála er unnið eftir eftirfarandi ferli:*

- Vakni grunur um einelti ber að tilkynna það strax til umsjónarkennara eða skólastjórnar.
- Umsjónarkennari metur hvort um einelti sé að ræða samkvæmt skilgreiningu skólans.
- Ef grunur er staðfestur hefur umsjónarkennari samband við foreldra/forráðamenn þolenda og gerenda í sínum bekk. Þeim er gerð grein fyrir þeirri aðstoð sem skólinn getur veitt nemandanum.
- Einstaklingsviðtöl við þolendur og gerendur.
- Viðtölum fylgt eftir.
- Aukið eftirlit með nemendum sem málið snýst um.
- Markviss vinna með vináttu í bekkjum, reynt að efla samkennd.
- Umsjónarkennari kemur upplýsingum til annarra kennara og starfsfólks skólans sem eru í beinum samskiptum við nemandann.
- Umsjónarkennari skráir allt ferlið á skráningarblað frá tilkynningu þar til málinu hefur verið lokað. Við hvern hann talaði, til hvaða ráðstafana hefur verið gripið til að stöðva eineltið.

*Fyrirbyggjandi aðgerðir*

Skólinn:

- Aukin gæsla og skilvirkni gæsluaðila (fundir, samræmd viðbrögð).
- Tengsl við aðra aðila í samfélaginu, t.d. íþróttastarf og félagsmiðstöð.
- Skýrar skólareglur og skýr viðbrögð við brotum á þeim.
- Gæta vel að tengslum við leikskóla, að samfella haldist við flutning frá leikskóla í grunnskóla.
- Góð tengsl við heilsugæslu og félagsþjónustu.

Foreldrar:

- Fræðsla fyrir foreldra, nemendur og starfsfólk.
- Greiður aðgangur að reglum skólans og upplýsingum um aðgerðir vegna eineltis.
- Gott upplýsingastreymi milli heimila og skóla.

Nemendur:

- Skólareglur skýrar og sýnilegar.
  - Bekkjarreglur/bekkjaráttmáli saminn sameiginlega í upphafi skólaárs.
  - Samkomulag um fyrirkomulag afmæla og annarra samkoma innan bekkjarins.
  - Könnun á líðan nemenda annað hvert ár.
  - Einstaklingsviðtöl umsjónarkennara við nemendur (í tengslum við könnun á líðan).
  - Tengslakannanir ef þurfa þykir í samvinnu við skólaþjónustu.
  - Nota hvert tækifæri sem býðst í skólastarfinu til að efla með nemendum gagnkvæma virðingu og umburðarlyndi gagnvart fjölbreytileika mannlífsins.
- Einelti upplýsingar til foreldra

*Vísbendingar um að einelti eigi sér stað*

## Skólinn:

- Barnið vill ekki fara í skólann, alltaf, stundum eða tímabundið.
- Barnið hræðist að fara eitt í og úr skóla.
- Barnið mætir iðulega of seint í skólann og fer að skrópa.
- Barnið forðast ákveðnar aðstæður í skólanum t.d. leikfimi, sund.
- Barnið fer að fá lægri einkunnir, skortir einbeitingu - örðugleikar í námi.
- Barnið leggur fyrr eða seinna af stað í skólann en venjulega.

## Félagarnir:

- Barnið forðast vini og önnur börn.
- Barnið lokar sig af og hættir að sinna áhugamálum sínum.

## Hegðun:

- Barninu líður illa en vill ekki segja hvað er að.
- Barnið rýkur upp af litlu tilefni, er pirrað eða stjórnlaust í skapi.
- Barnið biður um aukapening eða byrjar að hnupla þeim.

## Heilsufar:

- Líkamlegar kvartanir t.d. höfuðverkur, magaverkur.
- Svefn- og matarvenjur barnsins breytast.
- Barnið er með marbletti og skrámur sem það getur ekki skýrt.

Ef grunur leikur á að barnið verði fyrir einelti skal ræða opinskátt við barnið, hlusta, trúa og gefa tíma. Byrja að ræða almennt um veruna í skólanum, með hverjum barnið leikur sér, hvað gerir það í frímínútum o.s.frv. Reynið að hafa stjórn á tilfinningum og forðist áskanir og reiði. Hafa samband við umsjónarkennara sem fer af stað með viðeigandi aðgerðir innan skólans. Ekki gefast upp, það getur tekið tíma að koma upp um og leysa eineltismál. Gott samstarf við skóla er mikilvægt. Mikilvægt er að láta skóla vita strax ef aðgerðir virðast ekki bera árangur. Á heimasíðu Víkurskóla er hægt að nálgast eyðublað sem nauðsynlegt er að fylla út og afhenda umsjónarkennara ef sterkur grunur um einelti vaknar.

Hvernig geta foreldrar/forráðamenn hjálpað börnum sínum að takast á við einelti?

- Upplýsa barnið um grundvallarreglur sem gott er að fara eftir:
- Vera ákveðin/n.
- Leita eftir stuðningi foreldra, kennara og félaga.
- Hvetja barnið til að segja frá því sem er að gerast í skólanum og tala um líðan sína.
- Hjálpa barninu við að mynda vinatengsl, einn vinur getur skipt sköpum.
- Kenna þeim að bregðast við stríðni og æfa/þjálf þau heima. Þetta eru viðbrögð eins og að láta sem stríðnin hafi engin áhrif, svara ekki, vera yfirvegað og afslappað, nota fyndni og grín, beita sjálfstýrkjandi aðferðum eins og að hugsa að þetta sé vandamál þeirra sem standa að eineltinu.
- Efla sjálfstraust barnsins. Foreldrar mega ekki ofvernda barnið og passa þarf upp á að það einangri sig ekki. Munið að hrósa því fyrir að takast á við vandann. Þolandi eineltis sýnir t.d. mikið hugrekki með því að mæta í skólann á hverjum degi.

Hvað ef barnið mitt er gerandi?

- Hafið samband við skóla, þar er hægt að setja í gang viðeigandi aðgerðir.
- Reiði og skammir duga skammt. Árangursríkara er að setjast niður og ræða málin. Skýra þarf út fyrir barninu að það er alveg ólíðandi að særa aðra, bæði líkamlega og andlega. Barnið þarf að skilja að maður ræðst ekki á minni máttar, slíkt er ómannlegt.
- Gott er að fá barnið til að setja sig í spor þolenda og ímynda sér hvernig þeim líður. Þannig eflum við samkennd barnsins með öðrum.
- Skoðið eigin hegðun og hegðun annarra í fjölskyldunni.
- Það er mikilvægt að barnið viti að foreldrarir eru í sambandi við kennarann og fylgjast með framgangi málsins.
- Ef vel gengur má ekki gleyma að hrósa barninu.

## 6. Stoðþjónusta

Við Skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu starfa 5 starfsmenn í 3,3 stöðugildum, forstöðumaður sem jafnframt er kennsluráðgjafi grunnskóla, skólasálfræðingur, kennsluráðgjafi leikskóla, náms- og starfsráðgjafi og ritari. Aðsetur Skólaþjónustunnar er að Ormsvelli 1 á Hvolsvelli, s. 4878107. Netfangið er [skolamal@skolamal.is](mailto:skolamal@skolamal.is).

Verksvið skólaþjónustunnar er í samræmi við *lög um grunn- og leikskóla og reglugerð um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla* auk samþykktu Byggðasamlags um félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.

Sérfræðingar skólaþjónustunnar sinna greiningum á börnum í leik- og grunnskólum, m.a. almennu þroskamati, mati á hegðun og líðan, málþroskamati og námslegum greiningum s.s. lestrar- og stærðfræðigreiningum. Þeir veita ráðgjöf til foreldra, kennara og annars starfsfólks skóla, m.a. almenna kennsluráðgjöf, ráðgjöf vegna skipulags náms og kennslu einstakra nemenda og uppeldisráðgjöf. Þeir sinna auk þess eftirfylgd með nemendum í kjölfar greininga og sitja í teyrum um börn með fatlanir, námserfiðleika og aðrar sérþarfir. Talmeinafræðingur sér, auk greininga og ráðgjafar, einnig um tal- og málþjálfun barna með málþroskafrávik. Að auki er veitt ráðgjöf til sveitarstjórna og fræðslunefnda um ýmislegt sem lýtur að skólamálum. Sérfræðipjónustan kemur að endurmenntun og fræðslu fyrir starfsfólk skólanna, bæði í formi styttri fræðslufunda og einnig umfangsmeiri námskeiða.

Málum er vísað til skólaþjónustu á til þess gerðum tilvísanaeyðublöðum sem hægt er að sækja á heimasíðunni [www.felagsogskolamal.is](http://www.felagsogskolamal.is) undir *skólamál – tilvísunareyðublöð*. Til að skólar geti vísað málum einstakra barna til sérfræðinga skólaþjónustu þarf skriflegt samþykki foreldra/forráðamanna þeirra að liggja fyrir. Foreldrar geta einnig snúið sér beint til skólaþjónustunnar án milligöngu skóla.

### 6.1 Hvert á að leita?

	Hvert á að leita fyrst?	Aðrir sem að málinu koma
<b>Námsörðugleikar</b>	Umsjónarkennari	Þroskaþjálfari Sérfræðingar Skólaþjónustu



<b>Samskiptaörðuleikar</b>	Umsjónarkennari	Skólastjóri Nemendaverndarráð
<b>Tal- og málörðuleikar</b>	Umsjónarkennari Sérkennari - Þroskaþjálfari	Talmeinafræðingur
<b>Einelti</b>	Umsjónarkennari Sendir tilkynningu til stjórnenda um eineltið (eyðublað á heimasíðu)	Skólastjóri Nemendaverndarráð Sérfræðingar Skólaþjónustu
<b>Sorg og ástvinamissir</b>	Umsjónarkennari Skólastjóri	Áfallateymi Sérfræðingar Skólaþjónustu
<b>Vanlíðan – óöryggi – veik sjálfsmynd</b>	Umsjónarkennari	Þroskaþjálfari Skólastjóri Sérfræðingar Skólaþjónustu
<b>Hegðunarerfiðleikar</b>	Umsjónarkennari	Skólastjóri Nemendaverndarráð Sérfræðingar Skólaþjónustu
<b>Ofbeldi</b>	Umsjónarkennari Skólastjóri	Nemendaverndarráð Lögregla

## 6.2 Sérkennsla

Í Víkurskóla er starfandi þroskaþjálfari. Í skólanum skiptist á sérkennsla og stuðningur í vinnu með nemendum með einstaklingsnámskrá og stuðningskennslu. Kennarar og þroskaþjálfari standa vörð um velferð og réttindi nemenda með þroskafrávik. Hjá kennurum, þroskaþjálfara og sérfræðingum Skólaþjónustunnar geta nemendur, foreldrar og starfsfólk skólans fengið ráðgjöf og upplýsingar. Kennarar og þroskaþjálfari veita stuðning við einstaklinga með sérþarfir í samstarfi við aðra fagaðila Skólaþjónustu.

## 6.3 Greiningar og skimanir

Sérfræðingar Skólaþjónustu Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu sjá um greiningar og skimanir við skólann. Nánari útfærslu má finna í starfsáætlun skólans.



## 6.4 Náms- og starfsráðgjöf

Frá og með skólaárinu 2016-2017 er starfandi náms- og starfsráðgjafi hjá skólalámsáttunum. Námsráðgjafinn þjónar skólunum hlutfallslega miðað við nemendafjölda. Veitt er ráðgjöf um vinnubrögð í náminu og persónuleg ráðgjöf varðandi námsval. Umsjónarkennari 9.-10. bekkjar veitir nemendum ennfremur ráðgjöf og stuðning eftir föngum. Annað hvert ár fara nemendur í 9.-10. bekk í kynnisferð í Menntaskólann á Laugarvatni og Fjölbrotarskóla Suðurlands. Nemendur 10. bekkjar fara á hverju ári í náms- og starfsfræðsluferð og heimsækja fyrirtæki og framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu.

## 6.5 Nemendaverndarráð

Samkvæmt grunnskólalögum nr. 66/1995 er starfrækt nemendaverndarráð í grunnskóladeild Víkurskóla. Það starfar samkvæmt reglugerð um nemendaverndarráð í grunnskólum:

<http://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=49e415e2-dca6-4822-9b99-b2b6d1c326f4>

Í reglugerð um nemendaverndarráð segir m.a.: Í nemendaverndarráði geta átt sæti skólastjóri eða aðstoðarskólastjóri, umsjónarmaður sérkennslu ef hann starfar við skólann, fulltrúi heilsugæslu, þar sem því verður við komið, fulltrúi sérfræðipjónustu skóla, þar sem því verður við komið og námsráðgjafi skólans, sé hann starfandi. Skólastjóri er formaður nemendaverndarráðs. (Reglugerð um nemendaverndarráð í grunnskólum 1996, 2. grein ).

Fastafulltrúar í nemendaverndarráði Víkurskóla eru skólastjóri, þroskaþjálfari, skólahjúkrunarfræðingur, sálfræðingur skólans og fulltrúi frá Félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu. Ráðið má kalla til þá sem koma að velferð barna í Víkurskóla. Nemendaverndarráði er ætlað að vera skólastjórnendum til aðstoðar við gerð og framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur skv. reglugerðinni. Einnig er hlutverk nemendaverndarráðs að starfa að velferðarmálum nemenda s. s. varðandi sérkennslu, sálfræðipjónustu, félagslega þjónustu, heilsuvernd og aðra sérfræðipjónustu. Fundir eru að jafnaði haldnir tvisvar á önn en oftast ef þörf krefur.

Einstakir starfsmenn skólans og fulltrúar í nemendaverndarráði geta óskað skriflega eftir upptöku mála. Nemendaverndarráð fjallar um sérstök úrræði varðandi einstaka nemendur sem lögð hafa verið fyrir ráðið. Ráðið metur hvaða viðbótarupplýsinga er þörf og boðar á sinn fund umsjónarkennara og foreldra svo og aðra aðila sem tengjast máli nemandans ef þörf krefur. Starfsemi ráðsins tekur mið af aðstæðum í hverju tilviki. Fundir eru færðir til bókar. Full trúnaðarskylda fundarmanna gildir á öllum fundum nemendaverndarráðs.

## 6.6 Heilsugæsla

Heilsugæslustöðvar annast heilsugæslu í skólum samkvæmt lögum nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu. Heilbrigðisráðherra setur síðan reglugerð um heilsugæslu í skólum og landlæknisembættið gefur út nánari leiðbeiningar um framkvæmd skólaheilsugæslu og skýrslugerð þar að lútandi. Markmið heilsugæslu í skólum er að börnin fái að vaxa og þroskast við þau bestu andlegu, líkamlegu og félagslegu skilyrði sem völ er á og í samræmi við þekkingu á hverjum tíma. Þetta markmið eiga foreldrar, kennarar og heilsugæslan án efa sameiginlegt. Leiðir að þessu markmiði eru margar og einstaklingsbundið hvað hentar hverjum og einum.

Árlega fer fram heilbrigðiseftirlit á öllum skólabörnum, oft kallað skólaskoðun og eru börnin boðuð í þetta eftirlit með bréfi þar sem stiklað er á stóru varðandi það hvað felst í eftirlitinu.

Framkvæmd heilbrigðiseftirlits skólabarna:

- 1. bekkur. 6 ára. Mæld hæð og þyngd, sjón og heyrn. Læknisskoðun, viðtal, bólusetning gegn barnaveiki og stífkrampa. Börnin mæta á heilsugæslustöðina í fylgd foreldra. Boðuð sérstaklega.
- 2. bekkur. 7 ára. Mæld hæð, þyngd og sjón. Læknisskoðun.
- 3. bekkur. 8 ára. Mæld hæð og þyngd. Læknisskoðun.
- 4. bekkur. 9 ára. Mæld hæð, þyngd og sjón. Bólusetning gegn mænusótt, endurbólusetning gegn mislingum, rauðum hundum og hettusótt. Læknisskoðun.
- 5. bekkur. 10 ára. Mæld hæð og þyngd.
- 6. bekkur. 11 ára. Mæld hæð, þyngd og sjón.
- 7. bekkur. 12 ára. Mæld hæð og þyngd, sjón og litaskyn. Mæld mótefni gegn rauðum hundum hjá stúlkum. Læknisskoðun.
- 8. bekkur. 13 ára. Mæld hæð og þyngd og læknisskoðun.
- 9. bekkur. 14 ára. Mæld hæð, þyngd og sjón. Bólusetning gegn mænusótt, læknisskoðun. Heyrnarpróf (ekki gert í skólaskoðuninni heldur síðar í skólanum).
- 10. bekkur. 15 ára. Mæld hæð, þyngd, sjón og blóðþrýstingur. Læknisskoðun.

Sálfræðingur með starfsaðstöðu á heilsugæslustöðinni í Vík, er ráðinn til að vinna með leik- og grunnskólabörnum og fjölskyldum þeirra og starfar eftir tilvísun frá heilsugæslulækni eða skólasálfræðingi.

Tannlæknir kemur reglulega á heilsugæslustöðina og sinnir m.a. tannvernd skólabarna. Mikilvægt er að öll börn fari reglulega til tannlæknis. Flúorskolun er í umsjá hjúkrunarfræðings heilsugæslustöðvarinnar í Vík. Samkvæmt tilmælum frá Landlæknisembættinu haustið 2009 vann skólinn viðbragðsáætlun vegna inflúensufaraldurs og er hún aðgengileg á heimasíðu landlæknis. Skólahjúkrunarfræðingur er Helga Þorbergsdóttir.

## 6.7 Sálfræðiþjónusta

Sálfræðiþjónusta skólans er á vegum skólaþjónustu Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu. Starfssvið skólasálfræðings er fyrst og fremst sálfræðileg greining á líðan og vandamálum nemenda. Sálfræðingur veitir nemendum, forráðamönnum og starfsmönnum ráðgjöf vegna náms og tilfinningavanda. Starfsmenn skólans, forráðamenn og nemendur geta óskað eftir þjónustu skólasálfræðings.

## 6.8 Talmeinafræðingur

Til þess að fá þjónusta talmeinafræðings þarf tilvísun frá heimilislækni. Talmeinafræðingur er starfandi á Hellu. Talmeinafræðingur sér um að leggja fyrir málþroskapróf og veitir nemendum, kennurum og foreldrum ráðgjöf. Mögulegt er að nemendur sem þurfa þjálfun hjá talmeinafræðingi geti fengið hana í gegnum fjarþjálfun í skólanum. Slíkt er metið af talmeinafræðingi hverju sinni.

## 7. Þróunarstarf og mat

Skólastarf þarf að vera og er í sífelldri mótun. Nýjungar á sviði kennslu, menntunar og uppeldis kalla á endurskoðun á hverjum tíma. Inn í þetta spila jafnframt breytingar á þjóðfélaginu og örar framfarir í tækni. Þróunarstarf í Víkurskóla miðar að því að gera góðan skóla enn betri í samvinnu við þá sem koma að skólastarfinu. Skólinn byggir á sameiginlegri sýn og menntastefnu Mýrdalshrepps. Skólaþróun hefur fyrst og fremst hag barna að leiðarljósi.

## 7.1 Sjálfsmat

Skipulegt sjálfsmat skólans hófst haustið 2011. Þá var lögð fyrir foreldrakönnun í leik- og grunnskóla auk þess sem lögð var könnun fyrir nemendur í grunnskólanum. Haustið 2013 hóf skólinn að nota Skólapúlsinn sem leggur kannanir fyrir nemendur, foreldra og starfsmenn. Skólapúlsinn gefur upplýsingar um stöðu nemenda skólans á tuttugu mikilvægum matsþáttum, þ.á.m. um einelti, námsáhuga og sambandi nemenda við kennara. Skólapúlsinn er nýttur til að meta alla meginþætti skólastarfsins annað hvert ár. Niðurstöður Skólapúlsins eru birtar á heimasíðu Víkurskóla.

## 7.2 Þróunarstarf

Skólinn tók þátt í Comeniusar verkefni sem er evrópskt samstarfsverkefni menntastofnana og liður í menntaáætlun ESB. Verkefnið fól í sér samskipti um E-twinning á milli nemenda auk þess sem nemendur heimsóttu samstarfsaðila í fjórum löndum. Hver nemandi unglingastigs fór í eina ferð. Erasmus+ verkefni hófst á skólaárinu 2016-2017 og því lauk haustið 2018. Nýtt verkefni hófst nú á haustdögum 2019.

## 7.3 Jarðvangsskóli Víkurskóla

Víkurskóli er einn af jarðvangsskólum Kötlu jarðvangs [www.katlageopark.is](http://www.katlageopark.is). Skólinn leitast við að vekja og viðhalda áhuga nemenda sinna á jarðfræði, náttúru og menningu svæðisins. Árlega leggur skólinn sérstaka áherslu á ákveðið þema tengt svæðinu sem er fléttað inn í starf skólans. Kolbrún Hjörleifsdóttir er verkefnastjóri jarðvangsskóla Víkurskóla.

## 8. Starfsmenn

Víkurskóli hefur á að skipa vel menntuðu og reynslumiklu starfsfólki.

### 8.1 Móttaka nýrra starfsmanna

Í Víkurskóla er lögð áhersla á að vel sé tekið á móti nýjum starfsmönnum og að þeir verði sem fyrst hluti af sterkri liðsheild. Skólastjóri sér um að taka á móti nýjum starfsmönnum og kynna þeim stofnunina. Hann getur ef vill falið öðrum að aðstoða nýja starfsmenn við að kynnast og aðlagast á nýjum vinnustað.

### 8.2 Símenntun starfsfólks

Starfsfólk Víkurskóla sækir námskeið og samráðsfundi sem haldnir eru á vegum skólaþjónustu Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu. Liður í endurmenntun starfsmanna er þátttaka í kennaraþingum á Suðurlandi sem haldin eru á hverju hausti. Sérstök áhersla í endurmenntun Víkurskóla skólaárið 2019-2020:

- Læsi á öllum skólastigum
- Stærðfræði
- Námsmat á öllum aldurstigum
- Bætt samskipti á vinnustaðnum
- Uppeldi til ábyrgðar
- ART

Uppeldisstefna – Uppeldi til ábyrgðar er höfð að leiðarljósi í samskiptum í Víkurskóla. Hugmyndir uppbyggingastefnunnar efla tilfinningaþroska, félagsfærni og siðvitund barna jafnt sem fullorðinna

Þannig að samskipti einstaklinga verða betri og hafa góð áhrif á skólastarf og daglegt líf einstaklinga. Nauðsynlegt er að huga að endurmenntun vegna Uppeldisstefnunnar. ART – færniþjálfun hjálpar og kennir börnum og fullorðnum leiðir til félagsfærni, reiðistjórnunar og efla siðferðisvitund. ART tengist Uppeldisstefnunni ágætlega. ART var innleitt í Víkurskóla veturinn 2013-2014 og tókst mjög vel. Sérstök áhersla var lögð á að efla íslenskunám og kennslu í Víkurskóla veturinn 2014-2015 þar sem læsi var stór þáttur í námi allra nemenda og hefur þeim áherslum verið viðhaldið. Kennarar eru hvattir til að sitja námskeið í íslensku og lestri.

### 8.3 Áherslur og þróunarstarf á skólaárinu

Hér er gerð grein fyrir helstu fyrirhuguðu breytingum á skólanámskrá og þróunarstarfi.

*Atriði til rýni og samhæfingar:*

- Heilsueflandi grunnskóli.
- Efla samstarf og samvinnu foreldra.
- Læsi á öllum skólastigum.
- Námsmat á öllum skólastigum.
- Vinna sjálfsmatsáætlun með hliðsjón af Skólalámskránni.
- Uppeldi til ábyrgðar
- Fjölbreyttar kennsluáferðir.
- Jarðvangsskóli Víkurskóla

*Verkefni sem áður er unnið að og eru í gangi:*

- Uppeldi til ábyrgðar
- ART

### 8.4 Fundir

Kennarafundir eru að jafnaði einu sinni í viku á miðvikudögum klukkan 15 og starfsmannafundur fyrsta þriðjudag í hverjum mánuði klukkan 15. Aðrir samráðsfundir eru haldnir eftir þörfum og mati stjórnenda hverju sinni.

## 9. Aðbúnaður og öryggi

Í Víkurskóla er kappkostað að búa nemendum og starfsmönnum öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi. Í þessum kafla er farið yfir helstu þætti sem lúta að aðbúnaði, öryggi og velferð nemenda.

### 9.1 Skólahúsnæði

Í Víkurskóla er fyrirgjandi neyðaráætlun fyrir allt skólahúsnæðið. Hún hefur verið endurskoðuð eftir að leikskólinn kom undir sama þak og grunnskólinn. Einnig liggur fyrir brunaáætlun fyrir skólahúsnæðið að Mánabraut 3-5 og er haldin brunaæfing amk. einu sinni á ári.

### 9.2 Mötuneyti

Í skólanum er framreiddur heitur matur í hádeginu frá mánudegi til föstudags. Matseðill er birtur á heimasíðu og í skólanum mánuð fram í tímann. Hádegisverður í mötuneytinu er seldur á kostnaðarverði, þ.e.a.s. þiggjendur greiða einungis hráefniskostnað en sveitarfélagið greiðir annan kostnað. Nemendur skrá sig í morgunhressingu og er hún í boði alla virka daga vikunnar og

samanstendur af hafragraut, ávöxtum, grænmeti og smurðu brauði. Morgunhressingin er rekin á vegum ferðasjóðs nemenda. Gjaldskrá máltíða má finna á heimasíðu skólans.

### 9.3 Skólaakstur

Skólabílstjórar setja reglur um hegðun og umgengni í bílunum en að öðru leyti gilda skólareglur þar sem og annars staðar þar sem nemendur eru á vegum skólans. Ekki er gert ráð fyrir að sækja eða skila nemendum heim að dyrum, heldur er þeim ætlað að ganga til og frá aðalleið að jafnaði 500 metra eftir aðstæðum á hverjum stað. Í upphafi skólaárs liggur fyrir akstursáætlun skólabíla. Í vondum veðrum skal skólabílstjóri meta hvort óhætt sé að láta nemendur út á venjulegum stoppistöðvum eða hvort gera skuli undantekningar og keyra þau heim. Á morgnana er það foreldrana að meta hvort þau fylgja börnum að stoppistöð ef eitthvað er að veðri. Ekki er beðið eftir nemanda sem mætir ekki í akstur á tilsettum tíma. Ef um veikindi eða önnur forföll er að ræða, sjá viðkomandi foreldrar/forráðamenn nemenda um að láta skólabílstjóra vita. Nemendum er skylt að nota bílbelti í skólaakstri. Ef veður eða færð eru viðsjárverð hafa skólastjóri og skólabílstjórar samráð um hvort hægt sé að keyra. Tilkynning fer með sms-skilaboðum, tölvupósti eða símhringingum til foreldra eins fljótt og hægt er, ef skóla eða akstri er aflýst. Mikilvægt er að foreldrar fylgist vel með og láti skólastjóra/skólabílstjóra vita ef tvísýnt er með veður þar sem veðurlagi er þannig háttað í skólahverfinu að það getur verið mjög misjafnt milli staða. Meginreglan er sú að tefla aldrei í tvísýnu varðandi skólaakstur. Foreldrar meta að sjálfsögðu hvort þeir senda börn sín í skólann eða halda þeim heima ef óveður brestur á og tilkynna skólanum ákvörðun sína.

### 9.4 Gæsla

Skólaliðar og kennarar annast gæslu nemenda í frímínútum og hádegi. Nemendur í 1.-6. bekk fara út á leiksvæði í öllum frímínútum. Nemendur 7.-10. bekkjar hafa val en eru hvattir til að fara út á leiksvæði í hléum.

### 9.5 Óskilamunir

Alltaf safnast fyrir yfir skólaárið óskilamunir einkum föt og skór. Reynt er eins og kostur er að koma munum í réttar hendur og á foreldra- og nemendadögum sem og skólaslitum liggja óskilamunir frammi. Í lok skólaársins er það sem hefur dagað uppi látið renna til Rauða krossins.

### 9.6 Ábyrgð á persónulegum eigum

Skólinn ber ekki ábyrgð á persónulegum eigum nemenda, s.s. peningum, tölvum, símum og smáspilurum. Ef fatnaður nemenda skemmist með þeim hætti að rekja megji það til efna sem notuð eru í skólanum bæta tryggingar tjónið. Nemendur eiga að nota hlífðarfatnað þegar unnið er með efni sem geta skemmt fatnað, t.d. í efnafræði, myndmennt, smíðum og heimilisfræði.

### 9.7 Hjól

Nemendum er heimilt að koma á hjóli í skólann, algjört skilyrði er að allir nemendur noti hjálm. Leggja skal reiðhjólum í hjólastand. Ekki er leyfilegt að leggja hjólum við útidyr. Í frímínútum má hjóla á ytra bílplani en ekki inn á leikvelli eða bílplani næst aðaldyrum. Hjól eru á ábyrgð nemenda. Ef nemendur í akstri óska eftir að taka hjól með í skólann er það einungis leyft í samráði við skólabílstjóra og verða foreldrar að hafa samband við þá um hvort það sé mögulegt.

## 9.8 Umferðaröryggi

Foreldrar sem keyra og sækja börn sín í skólann eru beðnir að keyra ávallt austur Mánabraut og nota bílarennu en ekki keyra inn á bílastæði skólans. Þetta dregur úr slyshættu við skólann. Jafnframt eru foreldrar hvattir til að glitmerkja hlífðarfatnað barna þannig að þau sjáist betur yfir dimmasta tímann.

## 9.9 Tryggingar

Allir nemendur, sem skráðir eru í Víkurskóla, eru tryggðir slysatryggingu skólabarna hjá Sjóvá.

## 9.10 Óhöpp, slys og veikindi

Ef slys verður á skólatíma skal kennari meta alvarleika slyssins, gera viðeigandi ráðstafanir og sjá til þess að umsjónarkennara nemanda sé gert viðvart. Umsjónarkennari gerir viðvart heim, skólastjórnandi í fjarveru hans. Ef barn þarf að fara á heilsugæslustöð er haft samráð við foreldra/forráðamenn hvort þeir fari með barnið eða starfsmaður skóla. Ef um áverka er að ræða skal fylla út sérstakt eyðublað þess efnis.

Veikindi nemenda ber að tilkynna í skólann áður en kennsla hefst þann daginn.

## 9.11 Óveður

Ef veðurspá er slæm eða ef óveður brestur á metur skólastjóri í samráði við skólabílstjóra hvort skólaakstur er mögulegur. Þótt skólaakstur falli niður er skólastarfi ekki aflýst svo fremi sem ekki er aftakaveður og ófærð í þorpinu í Vík. Foreldrar meta ávallt við vöndar veðuraðstæður hvort barn mætir í skólann eða ekki. Foreldrar nemenda í aksti eru hvattir til að sinna og aðstoða við heimanám barna ef þeir vegna veðurs komast ekki í skólann. Það er hægt að gera í samráði við skólann símleiðis eða í gegnum tölvu.

## 9.12 Rýmingaráætlanir – Náttúruvá

Í Víkurskóla er sérstök áætlun um rýmingu ef hætta af eldgosu steðjar að. Rýming er æfð árlega. Heildaráætlun um rýmingu er að finna á heimasíðu skólans.

## 9.13 Áfallaáætlun

Við Víkurskóla starfar áfallateymi. Hlutverk áfallateymis er að hafa verkstjórn við skyndileg áföll, ef slys verða, dauðsföll, náttúruhamfarir eða önnur erfið áföll sem tengjast nemendum eða starfsfólki. Jafnframt að útbúa viðbragðsáætlun og kynna fyrir starfsfólki, meta aðstæður og standa fyrir fræðslu um viðbrögð barna og fullorðinna við áföllum. Í áfallateymi eiga sæti skólastjóri eða aðstoðarskólastjóri, sérkennari, hjúkrunarfræðingur, sóknarprestur og eftir atvikum umsjónarkennari. Áfallaáætlun er aðgengileg á heimasíðu skólans en verður í endurskoðun skólaárið 2019-2020.

# 10. Samstarf heimila og skóla

Starfsfólk Víkurskóla leggur sig fram um að efla og bæta samskipti við heimilin því góð og opin samskipti eru forsenda öflugs skólastarfs. Mikilvægt er að að traust ríki í samskiptum heimilis og skóla og sátt ríki um skólabrag skólans. Foreldrar eru hvattir til að koma ábendingum á framfæri um það sem betur má fara í skólastarfinu.

## 10.1 Foreldrasamstarf

Við Víkurskóla starfar foreldrafélag það kemur að skipulagningu sameiginlegra viðburða nemenda og foreldra.

## 10.2 Foreldradagar

Tvisvar á skólárinu eru foreldra- og nemendadagur þar sem foreldrar koma ásamt börnum sínum í viðtal hjá umsjónarkennara. Þar meta aðilar sameiginlega framfarir nemandans og kynna námsefni nemandans.

## 10.3 Skólakynning foreldra og nýnema

Þegar nýir nemendur koma í Víkurskóla fá þeir kynningu ásamt foreldrum á skólastarfinu. Verðandi umsjónarkennari viðkomandi barns sér um móttöku nýs nemanda í samráði við stjórnendur.

## 10.4 Upplýsingamiðlun

Gagnkvæm og lifandi upplýsingagjöf stuðlar að trausti milli foreldra og starfsfólks skóla og hjálpar við að deila ábyrgð og taka ákvarðanir sem tengjast velferð barnsins. Í Aðalnámskrá grunnskóla kemur fram að aukin hlutdeild foreldra stuðlar að bættum námsárangri barna og bættri líðan þeirra. Skólinn leitast við að koma nauðsynlegum upplýsingum og fréttum úr skólastarfinu jafnharðan til foreldra. T.d. í gegnum Mentor og heimasíðu.

## 10.4 Mentor

Mentor er miðlægt upplýsingakerfi skóla sem miðlar upplýsingum til foreldra/nemenda. Jafnframt heldur Mentor utan um skólagöngu allra barna og fylgja upplýsingar nemendum yfir í aðra skóla ef um flutning er að ræða.

# 11. Tómstundastarf

Félagsstarf í Víkurskóla er með fjölbreyttum hætti. Nemendaráð ásamt umsjónarmanni félagsstarfs skipuleggur fasta viðburði. Kaffihúskvöld á Degi íslenskrar tungu 16. nóvember er samstarfsverkefni kennara og nemenda. Jólaböll nemenda eru haldin síðasta skóladag fyrir jólaleyfi. Árshátíð skólans er haldin í síðustu kennsluviku fyrir páskaleyfi. Nemendur í 8.-10. bekk sækja haustball og árshátíðarball með skólunum í Rangárvallasýslu og Kirkjubæjarskóla. Á þorranum er haldið þorrablót í skólanum. Þá borða kennarar og nemendur þorramat saman og nemendur flytja annál ársins. Þá er spiluð félagsvist hjá eldri nemendum og ÓlsenÓlsen keppni hjá yngri nemendum.

## 11.1 Bekkjarkvöld

Umsjónarkennarar skipuleggja tvö bekkjarkvöld á skólaárinu í samráði við nemendur og e.t.v foreldra. Bekkjarkvöldunum er einkum ætlað að efla samkennd nemenda og skapa notalegan vettvang til jákvæðra samskipta og skemmtunar.

## 11.2 Samstarf við skóla og grenndarsamfélag

Skólinn leitast við að taka þátt í viðburðum í sveitarfélaginu sé þess óskað. Má þar nefna þátttöku skólans í Regnbogahátíðinni sem er árlegur viðburður í sveitarfélaginu. Skólinn býður alla íbúa samfélagsins velkomna á fasta viðburði skólans t.a.m. kaffihúskvöld og árshátíð og eftir atvikum aðrar uppákomur í skólanum.